



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Bókvit
ÍSLE2BV05

Námsáætlun vorönn 2025

Kennarar

Bertha I. Johansen (BEJ) berthajo@fsu.is

Birgir Aðalbjarnarson (BA) birgira@fsu.is

Katrín Rut Sigurgeirsdóttir (KSG) katrin.rut@fsu.is

Stefán Hannesson (SHA) stefanhannesson@fsu.is

Þuríður M. Björnsdóttir (PMB) thuridur@fsu.is

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur nái grunnfærni í bókmenntahugtökum og bókmenntasögu. Nemendur kynnst bókmenntum og hvernig samfélagið mótar þær, frá upphafi Íslandsbyggðar til nútímans. Lesin verða sýnishorn úr íslenskum bókmenntum, Gylfaginning Snorra-Eddu og Íslendingasagan Fóstbræðra saga. Unnin verða fjölbreytt verkefni sem krefjast sjálfstæðra og vandaðra vinnubragða.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hugtökum og heitum í bókmenntafræði
- helstu straumum og stefnum í bókmenntasögu
- lykilverkum hvers tímabils

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina myndmál og stílbrögð í ljóðum og öðrum textum
- lesa sér til gagns bókmenntaverk frá ýmsum tímabilum
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram
- nota á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
- draga saman og nýta upplýsingar úr ólíkum heimildum og tengja við eigin skoðanir
- flytja af nokkru öryggi mál sitt frammi fyrir hópi fólks

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka bókmenntatexta og kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar
- vinna skapandi verkefni í tengslum við bókmenntir, menningu og þjóðfélag hvers tímabils
- beita skýru og vönduðu máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum og byggja upp skýra röksemdafærslu

- tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu

Námsefni

Snorra-Edda á nútímaíslensku. (2023). Bjarki Bjarnason (sneri til nútímamáls). Óðinsauga.

Fóstbræðra saga. (1995). Sígildar sögur 5. Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson (önnuðust útgáfuna). Mál og menning.

Annað efni kemur frá kennara.

Námsmat

25% norræn goðafræði

- Ritun 10%
- Próf 15%

25% Fóstbræðra saga

- Próf 10%
- Ritgerð 15% (lágmarkseinkunn 5)

25% bókmenntafræði

- Próf 15%
- Verkefni 10%

15% lokaverkefni

10% virkni og ástundun

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur þurfa að gera skil á verkefnum í öllum námsþáttum til þess að ná áfanganum.
- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur og notkun gervigreindar er bönnuð og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Vinnuáætlun – vorönn 2025

Dags.	Viðfangsefni
13. - 17. janúar	Kynning áfanga/Snorra-Edda (25%) Snorra-Edda, bls. 13 - 42. Sköpunin, gangur himintunglanna og askur Yggdrasils. Byrja að koma efninu á myndrænt form.
20. - 24. janúar	Snorra-Edda, bls. 13 - 42. Sköpunin, gangur himintunglanna og askur Yggdrasils. Efninu komið á myndrænt form og það kynnt.
27. - 31. janúar	Ritun 300-400 orð (Turnitin). Áhersla á heimildanotkun og byggingu texta. Snorra-Edda, bls. 43 - 76. Goðin; ritun, spurningaleikir o.fl.
3. - 7. febrúar	Snorra-Edda, bls. 76 - 114. Sögur af goðunum.
10. - 14. febrúar Vorfrí fös.	Snorra-Edda. Próf (15%). Tekið á Innu í stofu. Rituninni skilað (10%) .
17. - 21. febrúar	Bókmenntasaga: Landnámsöld og þjóðveldisöld.
24. - 28. febrúar Miðannarmat	Fóstbræðra saga; Formáli og 1. - 6. kafli.
3. - 7. mars Áfangamessa mið.	Fóstbræðra saga; 7. - 12. kafli. Heimildaritgerð lögð fyrir.
10. - 14. mars Valdagur mið.	Fóstbræðra saga; 13. - 22. kafli.
17. - 21. mars Kátir dagar og Flóafár	Fóstbræðra saga; 23.-24. Kafli.
24. - 28. mars	Fóstbræðra saga. Próf (10%). Heimildaritgerð skilað (15%).
31. mars - 4. apríl	Bókmenntasaga: Lærdómsöld og upplýsingaröld.
7. - 11. apríl	Bókmenntasaga: Lærdómsöld og upplýsingaröld.
14. - 18. apríl	PÁSKAFRÍ
22. - 25. apríl Kennsla byrjar á þri. Sumardagurinn fyrsti (fim.)	Bókmenntasaga: Rómantík og raunsæi.
28.apríl - 2. maí 1. maí (fim.)	Bókmenntasaga: Rómantík og raunsæi. Bókmenntasaga: Próf (15%).
5. - 9. maí	Lokaverkefni.
12. - 16. maí Námsmat byrjar á fös.	Lokaverkefni (15%).

8. janúar 2025

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar,
íslenskukennarar.

